



Myndin var tekin á opnum borgarafundi sem haldinn var í Tíjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 3. nóvember s.l.



Stöðvum einelti - strax

Fjórtaða september 2010 var ýtt úr vör áttakinu Stöðvum einelti - strax, eineltisátaki á landsvisu. Opnir borgarafundir og jafningjafræðslufundir hafa verið haldnir á 11 stöðum á landinu um einelti, netið og nýmiðla.

Fyrir áttakinu standa Heimili og skóli, Liðsmenn Jerico, Olweusaráætlunin og Ungmennaráð SAFT, í samstarfi við Símann, mennta- og menningarmálaráðuneyti, félags-, tryggingamála- og heilbrigðisráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og styrktaraðila.

Umfjöllunarefni fundanna er einelti og ungt fólk og netið. Leikhópar á þessum 11 stöðum, undir handleiðslu leiklistakennara eða leiðbeinanda, hafa sett upp og sýnt leiksyninguna „Þú ert það sem þú gerir á netinu“, eftir Elítuna og Rannveigu Þorkelsdóttur.

Rauði þráðurinn í umræðunum er samfélagsábyrgð í að vinna gegn einelti. Samvinna heimilis, skóla og nærsamfélagsins er lykilatriði í því að tryggja að virk eineltisáætlun sé til staðar. Er það mat manna að átakið sé aðeins byrjunin á vinnu sem framundan er til að stöðva einelti.

Samkeppni um besta barnaefnið á netinu

Evrópusamkeppni um besta barnaefnið á netinu er sameiginlegt átak 14 netöryggismiðstöðva í Evrópu og þeirra þjóða er starfa samkvæmt netöryggisáætlun Evrópusambandsins. Tilgangur samkeppninnar er að vekja athygli á gæðaefni fyrir 6 til 12 ára börn sem er nú þegar til staðar á netinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.saft.is en skilafrestur efnis er til 14. janúar 2011.

HBSC rannsóknin

Niðurstöður HBSC 2009-2010 um líðan grunnskólanema hafa nú borist skólastjórum grunnskóla í landinu.

Rannsóknin er gerð á fjögurra ára fresti og er á vegum HA. Skammstöfunin HBSC stendur fyrir Health Behaviours in School-Aged Children. Sjá nánar: <http://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolathing-og-malstofur/malstofa-2010/> Við hvetjum foreldra til að kynna sér niðurstöður í sínum skóla og miðla þeim.



Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla

Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra var haldinn í sjötta sinn 15. október s.l. í fundarsal bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Fulltrúar víðs vegar af landinu sátu fundinn, auk gestgjafa, fyrirlesara, stjórnarformanns og starfsfólks Heimilis og skóla.

Á fundinum var Sigrún Þorleifsdóttir frá SAMKÓP - svæðisráði Kópavogs kosin fulltrúi ráðsins í stjórn Heimilis og skóla, og Gréta Jónsdóttir frá Foreldraráði Hafnarfjarðar til vara.

Fyrir fulltrúaráðsfundinn var fundarfólki boðið í heimsókn í Krikaskóla í Mosfellsbæ, en skólinn er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 1 árs til 9 ára.

Heimili og skóli þakkar gestgjöfum, Þrúði Hjelm, skólastjóra Krikaskóla, og Bryndísi Haraldsdóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ fyrir hlýlegar móttökur.